

Stjórnun á boðvangi

Knattspyrnulögin heimila þjálfara eða forráðamanni, sem skráður er á leikskýrslu, að koma leikrænum leiðbeiningum á framfæri við lið sitt á meðan á leik stendur. Leikrænar leiðbeiningar þjálfarans eru mikilvægur hluti leiksins og því verða allir leikaðilar að laga sig að anda þess ákvæðis laganna. Þjálfari/forráðamaður má standa við hlið varamannabekkjara og fara utar í boðvanginn til að gefa leikrænar leiðbeiningar án sérstakra tímatakmarkana, en þó aðeins einn aðili í einu.

Í 5. grein knattspyrnulaganna segir m.a. að dómariinn:

- grípur til aðgerða gegn forráðamönnum liðs sem ekki haga sér með ábyrgum hætti og getur að eigin mati vísað þeim frá leikvöllinum og næsta umhverfi hans.
- sér um að enginn komi inn á leikvöllinn sem ekki hefur til þess heimild.
- sendir viðkomandi yfirlýðingum leikskýrslu, sem hefur að geyma upplýsingar um hvers kyns agarefsingar sem leikmenn og/eða forráðamenn liðs voru beittir, svo og um önnur atvik sem áttu sér stað fyrir leik, meðan á leik stóð eða eftir leik.

Í knattspyrnulögunum segir enn fremur m.a. eftirfarandi um boðvanginn:

- Aðeins einn aðili í einu má koma leikrænum leiðbeiningum á framfæri.
- Þjálfari og aðrir forráðamenn liðsins skulu halda sig innan marka hans, nema í sérstökum tilvikum, t.d. þegar sjúkraþjálfari eða læknir fer inn á leikvöllinn með leyfi dómara til að meta meiðsli leikmanns.
- Þjálfari og aðrir sem eru á boðvangi skulu koma fram á ábyrgan hátt.

Í knattspyrnulögunum segir enn fremur m.a. eftirfarandi um fjórða dómara:

- Hann hefur vald til að láta dómara vita um óviðeigandi framkomu þeirra sem eru á boðvangi.

Þó það sé fyrst og fremst í höndum aðstoðardómara 1 (eða fjórða dómara þar sem það á við) að framfylgja fyrirmælum laganna um ábyrga hegðun þjálfara/forráðamanna á boðvangi er það þó alltaf dómariinn sjálfur sem hefur endanlegt úrskurðarvald.

Dómaranefnd KSÍ ætlast til þess að dómara framfylgi skilyrðislaust ákvæðum knattspyrnulaganna um ábyrga hegðun á boðvangi. Þannig sé þeim þjálfurum og forráðamönnum, sem ekki haga sér með ábyrgum hætti, vísað frá leikvöllinum og næsta umhverfi hans og mega þeir eftir það ekki hafa samskipti við lið sitt út leiktímann.

Ferill agarefsinga vegna óábyrgar hegðunar:

1. Aðstoðardómari 1 (eða fjórði maður þar sem það á við) veitir hinum brotlega tiltal við fyrsta brot. Tiltalið telst þannig jafnframt veitt öllum þeim sem tilheyra viðkomandi boðvangi (þ.e. þjálfara, forráðamönnum og einnig varamönnum viðkomandi liðs).
2. Dómari áminnir síðan hinn brotlega þjálfara/forráðamann (án þess að sýna gula spjaldið) við annað brot. Dómari sýni jafnframt með áberandi hætti að hann sé að skrá áminninguna hjá sér eftir að hafa fyrst tilkynnt viðkomandi um hana.
3. Dómari vísar síðan hinum brotlega frá leikvöllinum og næsta umhverfi hans við þriðja brot.
4. Feli fyrsta eða annað brot viðkomandi hins vegar í sér “*ofsalega framkomu*” eða “*særandi, móðgandi eða svívirðilegt orðbragð og/eða látbragð*” skal dómari vísa hinum brotlega frá leikvöllinum og næsta umhverfi hans þegar í stað í samræmi við 12. grein knattspyrnulaganna um brot sem leiða til brottvísunar. Sama gildir ef viðkomandi “*fer inn á leikvöllinn án leyfis dómara*”.

Óábyrg hegðun:

Eftirfarandi hegðun þjálfara/forráðamanna telst vera óábyrg og fyrir hana skal þeim vísað frá leikvöllinum og næsta umhverfi hans:

- Ofsaleg framkoma (**brottvísun strax**).
- Notar særandi, móðgandi eða svívirðilegt orðbragð og/eða látbragð (**brottvísun strax**).
- Fer inn á leikvöllinn án leyfis dómara (**brottvísun strax**).
- Fer aftur út fyrir boðvanginn eftir að hafa fengið athugasemd við það (**tiltal, áminning, brottvísun**).
- Kemur á framfæri mótmælum við dómara, aðstoðardómara eða fjórða dómara í orði eða látæði (**tiltal, áminning, brottvísun**).
- Kemur á framfæri mótmælum við fólk í hinum boðvanginum, lið mótherja eða áhorfendur með neikvæðum eða dónalegum hætti í orðum eða látæði (**tiltal, áminning, brottvísun**).